

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands

### ***Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um úttekt á næringargildi og fjölbreytni matar í leik- og grunnskólum***

Lagt er til að úttekt verði gerð einu sinni í viku eða oftari eftir því sem þörf þykir yfir nokkra vikna tímabil til þess að kanna næringargildi og fjölbreytni matarins sem er í leik- og grunnskólum borgarinnar. Úttektin verði gerð til að kanna hvort máltíðirnar uppfylli viðmið um næringargildi fyrir börn. Litið verði til mismunandi aldurs barnanna þegar verið er að meta næringarþörf. Jafnframt verði skoðað hvort maturinn sé fjölbreyttur og hvernig vikumatseðlar eru settir upp með tilliti til næringar, fjölbreytni og gæða. Þegar könnunin er gerð verði litið til allra máltíða sem og hressinga. Einnig er lagt til að næringargildi verði könnuð innan sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla í Reykjavík. Í niðurstöðum verði tekið fram hvort að skólarnir séu með eigið eldhús og matreiðslu á staðnum eða kaupi mat frá utanaðkomandi fyrirtækjum. Skóla- og frístundasviði verði falið að móta könnunina og aðferðarfræði hennar þannig að hægt verði að fá þessar upplýsingar fram, upplýsingar sem sýna raunverulega mynd af máltíðum og hressingum innan leik- og grunnskóla og hvort að þau uppfylli opinber viðmið um næringargildi og fjölbreytni.

#### **Greinargerð:**

Börn verja stórum hluta sinnar æsku í leik- og grunnskólum og því mikilvægt að maturinn sé næringarríkur og fjölbreyttur. Niðurstöður úr könnun á matarframboði í leikskólum voru gefnar út í febrúar 2015, þar sem fram kom að ýmislegt væri vel gert þegar kæmi að matarframboði í leikskólum landsins en að annað mætti vissulega bæta. Hér er rétt að taka fram að könnunin náði ekki til næringargildis né magns heldur var matarframboð einungis kannað og það borið saman við ráðleggingar. Sjá nánar hér: [https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/DwEvWIM0aMjaaNhrQWHP2/cdbcbfec2d2820b0b1f158462d81266f/Konnun\\_a\\_matarframboði\\_í\\_leikskólum\\_loka\\_feb2015.pdf](https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/DwEvWIM0aMjaaNhrQWHP2/cdbcbfec2d2820b0b1f158462d81266f/Konnun_a_matarframboði_í_leikskólum_loka_feb2015.pdf)

Stór hluti barna er skráður í grunnskólamat og nær máltíðabjónustan því til meirihluta barna í grunnskólum. Mikilvægt er að næringargildi og framboð leik- og grunnskólamatarins sé reglulega kannað til að fylgjast með næringargildum. Í ljósi þess að til stendur að útvista máltíðabjónustu leikskóla í auknum mæli með hagræðingaraðgerðum, þarf einnig að fylgjast með því hvernig breytingar það muni hafa í för með sér.